

Hagnaður 289 milljónir króna á 1. ársfjórðungi 2021

Helstu niðurstöður

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 5.144 millj. kr. samanborið við 4.304 millj. kr. á 1F 2020, sem samsvarar 19,5% hækkun milli ára.
- EBITDA nam 1.505 millj. kr. samanborið við 1.021 millj. kr. á 1F 2020, sem jafngildir 47,5% hækkun.
- Framlegð af vörusölu var 24,6% á 1F 2021 en framlegðin var 22,9% á sama fjórðungi árið áður.
- Kostnaður vegna COVID-19 var 37 millj. kr. á 1F 2021 en var 48 millj. kr. á sama fjórðungi árið áður.
- Eigið fé í lok 1F 2021 var 29.227 m.kr. og eiginfjárhlutfall 34,8% samanborið við 35,7% í lok árs 2020.
- Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga var 30.276 millj. kr. í lok 1F 2021 samanborið við 29.986 millj. kr. í lok 2020.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2021 er hækkuð um 400 millj. kr. og er nú 7.900 - 8.300 millj. kr.

Milljónir króna	1F 2021	1F 2020	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur				
Vöru- og þjónustusala	20.917	18.831	2.087	11,1%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	5.144	4.304	840	19,5%
Aðrar rekstrartekjur	455	374	81	21,6%
EBITDA	1.505	1.021	484	47,5%
EBIT	712	398	314	78,7%
EBT	352	66	287	436,8%
Hagnaður tímabilsins	289	53	237	449,4%
Efnahagsreikningur	31.3.2021	31.12.2020	Breyt.	% Breyt.
Birgðir	8.466	7.668	798	10,4%
Viðskiptakröfur	5.099	4.924	175	3,6%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	32.739	32.549	191	0,6%
Handbært fé	2.463	2.563	-100	-3,9%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	30.276	29.986	291	1,0%
Sjóðstreymi	1F 2021	1F 2020	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	391	894	-503	-56,3%
Fjárfestingarhreyfingar	-387	-607	220	-36,3%
Fjármögnunarhreyfingar	-117	-645	528	-81,8%
Handbært fé í lok tímabils	2.463	5.023	-2.560	-51,0%
Lykiltölur				
Framlegð af vörusölu	24,6%	22,9%	1,7%	7,6%
EBITDA/framlegð	29,3%	23,7%	5,5%	23,4%
Eiginfjárhlutfall	34,8%	35,7%	-0,9%	-2,5%
Laun/framlegð	54,8%	55,9%	-1,1%	-2,0%
Fjárfestingar	451	572	-120	-21,1%
Veltuhraði birgða	7,6	8,6	-1,0	-11,6%

Rekstur fyrsta ársfjórðungs 2021

Rekstur félagsins á fyrsta ársfjórðungi gekk vel. Rekstur N1, Krónunnar og ELKO var mun betri en á sama fjórðungi árið áður og umfram væntingar þrátt fyrir samkomutakmarkanir stjórnvalda. EBITDA félagsins var 1.505 millj. kr. sem er 484 millj. kr. betri afkoma en í sama fjórðungi árið áður.

Tekjur

- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 20.917 millj. kr. í 1F 2021 samanborett við 18.831 millj. kr. í 1F 2020, sem samsvarar 11,1% hækkun.
- Fyrsti fjórðungurinn þar sem COVID-19 áhrifa gættir í samanburðartölum.
- Mikil aukning í dagvöru- og raftækjasölu.
- Nýjar verslanir sem opnuðu á 4F 2020 fara vel af stað.
- Flokkun tiltekinna rekstrartekna og rekstrargjalda fyrir árið 2020 hefur verið breytt til að samræma flokkun innan samstæðunnar

Milljónir króna	1F 2021	1F 2020	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala				
Dagvörur	12.242	10.366	1.876	18,1%
Eldsneyti og rafmagn	4.180	4.560	-380	-8,3%
Raftæki	3.215	2.569	647	25,2%
Aðrar vörur og þjónusta	1.279	1.335	-56	-4,2%
Samtals vöru- og þjónustusala	20.917	18.831	2.087	11,1%
Aðrar rekstrartekjur	455	374	81	21,6%
Tekjur samtals	21.372	19.205	2.168	11,3%

Á fjórðungnum hækkuðu tekjur af dagvörusölu 18,1% og tekjur af raftækjasölu um 25,2% milli ára. Tekjur nýrra verslana skýra 1.125 millj. kr. af aukningu milli ára. Tekjur af eldsneyti og rafmagni lækkuðu um 8,3% en COVID-19 samkomutakmarkanir höfðu minni áhrif á tekjur fjórðungsins í fyrra. Tekjur af öðrum vörum og þjónustu lækkuðu um 4,2% milli ára.

Milljónir króna	1F 2021	1F 2020	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu				
Dagvörur	2.819	2.554	264	10,3%
Eldsneyti og rafmagn	954	679	275	40,5%
Raftæki	845	573	273	47,7%
Aðrar vörur og þjónusta	525	498	28	5,5%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	5.144	4.304	840	19,5%

28. apríl 2021 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1. ársfjórðungi 2021

Framlegð af vöru- og þjónustusölu var 5.144 millj. kr. samanborið við 4.304 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2020 sem er 19,5% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu var 2.819 millj. kr. sem er 10,3% aukning á milli ára. Framlegð af raftækjasölu var 845 millj. kr. sem er 47,7% aukning og framlegð annarra vara og þjónustu var 525 millj. kr. sem er aukning um 5,5% milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni var 954 millj. kr. sem er um 275 millj. kr. aukning milli ára. Stór hluti aukningar skýrist af niðurfærslu eldsneytisbirgða í lok 1F 2020 að fjárhæð 140 millj. kr. vegna verðfalls á olíumörkuðum sem og vegna hagnaðar af eldsneytisvörnum 50 millj. kr. í samanburði milli ára.

Flokkun tiltekinna rekstrartekna og rekstrargjalda hefur verið breytt til að samræma flokkun milli félaganna í samstæðunni. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við nýja flokkun en breytingin hefur engin áhrif á afkomu samstæðunnar, eignir, skuldir, eigið fé eða sjóðsstreymi.

Rekstrarkostnaður

- Rekstrarkostnaður í 1F 2021 var 4.094 millj. kr. og hækkar um 436 millj. kr. frá 1F 2020.
- Launakostnaður hækkar um 210 millj. kr. milli fjórðunga vegna samningsbundinna launahækkana.

Milljónir króna	1F 2021	1F 2020	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2.818	2.405	413	17,2%
Annar rekstrarkostnaður				
Rekstarkostnaður fasteigna	377	400	-23	-5,8%
Viðhaldskostnaður	200	170	30	17,9%
Sölu og markaðskostnaður	262	256	7	2,6%
Samskiptakostnaður	178	148	30	20,3%
Skrifstofu og stjórnarkostnaður	143	166	-23	-13,7%
Vátrygginga og tjónakostnaður	59	37	22	58,9%
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur	15	40	-25	-61,9%
Annar kostnaður	41	36	5	14,8%
Samtals annar rekstrarkostnaður	1.276	1.253	24	1,9%
Samtals rekstrarkostnaður	4.094	3.657	436	11,9%

28. apríl 2021 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1. ársfjórðungi 2021

Laun og annar starfsmannakostnaður í 1F 2021 var 2.818 millj. kr. samanborið við 2.405 millj. kr. á 1F 2020 sem er 17,2% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda var 1.120 á fjórðungnum sem er fjölgun um 23 stöðugildi milli ára. Samningsbundnar launahækkanir voru tvær milli tímabilanna eða í apríl 2020 og janúar 2021. Hækkunin nemur um 210 millj. kr. milli ára. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Starfsmannakostnaður samtals 1F 2020	2.405
Stöðugildi - breyting	63
Samningsbundnar launahækkanir	210
Orlofsskuldbinding	64
COVID-19 áhrif	0
Annað	76
Starfsmannakostnaður samtals 1F 2021	2.818

Annar rekstrarkostnaður var 1.276 millj. kr. samanborið við 1.253 m.kr. á 1F 2020, sem er hækkun um 1,9% milli ára. Innfalinn er kostnaður vegna COVID-19 áhrifa, 22 millj. kr.

Fjármagnsliðir

- Nettó fjármagnskostnaður var 360 millj. kr. á 1F 2021 samanborið við 333 millj. kr. á 1F 2020.

Milljónir króna	1F 2021	1F 2020	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	35	113	-78	-68,8%
Fjármagnsgjöld	-440	-453	-13	-2,8%
Áhrif hlutdeildarféлага	45	8	38	496,7%
Samtals	-360	-333	-27	8,1%

Efnahagur og fjárhagsleg staða

- Samtals eignir voru 83.911 millj. kr. í lok 1F 2021
- Úthlutaður arður 969 millj. kr. færður til skuldar í efnahag.
- Eignfjárhlutfall félagsins var 34,8% í lok 1F 2021
- Handbært fé 2.463 millj. kr. í lok 1F 2021

Milljónir króna	31.3.2021	31.12.2020	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	14.668	14.668	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.918	4.971	-54	-1,1%
Rekstrarfjármunir	32.173	32.297	-125	-0,4%
Leigueignir	5.323	5.420	-96	-1,8%
Fjárfestingarfasteignir	7.404	7.467	-63	-0,8%
Birgðir	8.466	7.668	798	10,4%
Viðskiptakröfur	5.099	4.924	175	3,6%
Handbært fé	2.463	2.563	-100	-3,9%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	32.739	32.549	191	0,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	30.276	29.986	291	1,0%
Nettó vaxtaberandi skuldir	35.807	35.596	210	0,6%
Eignfjárhlutfall	34,8%	35,7%	-0,9%	-2,5%
Veltuhraði vörubirgða	7,6	8,6	-1,0	-11,6%

Viðskiptavild er 14.668 m.kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.918 millj. kr. í lok 1F 2021. Rekstrarfjármunir námu 32.173 millj. kr. og fjárfestingarfasteignir 7.404 millj. kr. í lok fjórðungsins. Birgðir félagsins að hækka í takt við árstíðasveiflu.

Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga voru samtals 30.276 milljónir króna sem er hækkun um 291 millj. kr. frá áramótum. Eignfjárhlutfall félagsins var 34,8% í lok 1F 2021 samanborið við 35,7% í lok árs 2020. Úthlutaður arður að fjárhæð 969 millj. kr. er færður til skuldar í efnahag en hann var greiddur til hluthafa 8. apríl sl. Lausafjárstaða félagsins er sterk og efnahagsreikningur félagsins einnig.

Sjóðstreymi og fjárfestingar

- Handbært fé frá rekstri á 1F 2021 var 391 millj. kr. samanborið við 894 millj. kr. á 1F 2020.
- Fjárfestingar félagsins á fjórðungnum námu samtals 451 millj. kr.

Milljónir króna	1F 2021	1F 2020	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi				
Handbært fé í byrjun tímabils	2.563	5.369	-2.806	-52,3%
Handbært fé frá rekstri	391	894	-503	-56,3%
Fjárfestingarhreyfingar	-387	-607	220	-36,3%
Fjármögnunarhreyfingar	-117	-645	528	-81,8%
Gengismunur af handbæru fé	13	12	1	6,9%
Breyting á handbæru fé	-100	-346	246	-71,1%
Handbært fé í lok tímabils	2.463	5.023	-2.560	-51,0%

Handbært fé frá rekstri á 1F 2021 nam 391 millj. kr. sem er lækkun um 503 millj. kr. milli ára. Neikvæð áhrif koma inná fjórðunginn vegna viðskiptaskulda að fjárhæð 850 millj. kr. sem greiddar voru á síðasta degi marsmánaðar þar sem eindaginn var fyrstu dagana í apríl, á páskahelginni. Jákvæð áhrif um sömu fjárhæð munu koma inn á 2F 2021. Fjárfestingar námu 451 millj. kr. sem er lækkun um 120 millj. kr. milli ára. Áætlun um heildarfjárfestingu ársins um 2.800 millj. kr. er óbreytt. Handbært fé lækkaði um 100 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2021.

Horfur í rekstri Festi hf. og EBITDA spá 2021

Í ljósi betri afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi 2021 og áætlana stjórnvalda um framhald bólusetninga þá er EBITDA spá félagsins hækkuð um 400 millj. kr. eða í 7.900 - 8.300 millj. kr.

Eftirfarandi þættir geta haft áhrif á rekstur félagsins

- Óvissa vegna áhrifa COVID-19
- Órói á heimsmarkaðsverði eldsneytis og gengi ISK
- Aukið atvinnuleysi og lægri hagvöxtur
- Íslenska hagkerfið mun verða fyrir áhrifum næstkomandi mánuði/ár

Eiginfjárlutfall félagsins er 34,8% í lok fjórðungsins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Horfur í rekstrinum eru góðar og félagið er í vel stakk búið til að takast á við verkefnin framundan.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 1F 2021 nam 61,7 milljörðum króna.
- Hluthafar félagsins voru 916 í lok 1F 2021.

28. apríl 2021 – Afkomutilkynning Festi hf. á 1. ársfjórðungi 2021

Kynningarfundur fimmtudaginn 29. apríl 2021

Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 29. apríl 2021 og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað vegna samkomubanns. Fundurinn hefst kl. 08:30 og er skráning á fundinn á

https://us02web.zoom.us/webinar/register/WN_MEVnA9ruRTekxnBLKRu-Kw

Eggert Kristófersson, forstjóri Festi mun kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://festi.is/r/fjarhagsupplýsingar>

Fjárhagsdagatal

- Árshlutauppgjör 2F 2021: 28. júlí 2021
- Árshlutauppgjör 3F 2021: 28. október 2021
- Ársuppgjör 2021: 4. febrúar 2022
- Aðalfundur 2021: 22. mars 2022

Nánari upplýsingar veita Eggert Þór Kristófersson forstjóri (eggert@festi.is) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (mki@festi.is).